

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
25.09.2019	17:00	HT stofa 101	5
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Jóna Þórey Pétursdóttir	Marinó Örn Ólafsson	25.09.19	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Adda Malín Vilhjálmisdóttir (AMV) (V) fyrir Margrét Ósk Gunnarsdóttir (MÓG) (V)			
Lea Birna Lárusdóttir (LBL) (V) fyrir Tinna Líf Jörgensdóttir (TLJ) (R)			
Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Azra Crnac (AC)			
Eyrún Baldursdóttir (EB)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ)			
Tinna Alicia Kemp (TAK) (V) fyrir Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Eva Ragnarsdóttir Kamban fyrir Dagur Fannar Magnússon (ERK) (R)			
Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R) Sólveig Daðadóttir (SD) (R) eftir 20:08			
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEÞ) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)			
Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)			
Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)			
Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)			
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)			
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JPP)

Marinó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)

Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:Heilbrigðisvísindasvið:Hugvísindasvið:Menntavísindasvið:Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Einar Halldórsson (EH) (V)

Dagskrá fundarins:

Fundur Stúdentaráðs 25. september 2019 kl 17:30 í HT-101

Fundardagskrá er birt með fyrirvara um breytingar

Fundur settur kl 17:30

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:30-17:35

Barst ein athugasemd um mætingu þ.e.a.s Þórdís Dröfn mætti og var skamstöfun með spurningar sem hún spurði leiðréttar. AC gerir athugasemdir við tillögu um nautakjöt í Hámu í síðustu fundargerð vegna athugasemda sem hún gerði á síðasta fundi.

Fundargerð samþykkt án annarra athugasemda.

1. Tilkynningar og mál á döfinni 17:35-17:45

JPP fer yfir tilkynningar og mál á döfinni:

- Háskólaþing 1. nóvember 10:00-14:00 - þeir fulltrúar sem voru kjörnir síðast þurfa að taka þessa dagsetningu frá! Sjálfsmat faglegra eininga í HÍ verður tekið fyrir þar. Þar er líklegt að síðareglur skólans verði einnig teknar fyrir.
- Þann 27. sept verður ganga til að slúttu allsherjarloftslagsvikunni
- Auglýsing fyrir þriðja sálfræðinginn fer að fara í loftið! Áeltað er að viðkomandi muni geta hafið störf 1. janúar. Þrýstingur stúdenta hefur skipt máli við að koma því í gegn, æðstu staðir vissu ekki af stöðu húsnæðismála og að þau væri ástæða þess að ekkert

væri að gerast í ráðningum. Þegar við fórum með það áfram og ég afhenti yfirlýsingu ráðsins til rektors í sumar komu skilaboð frá toppi og niður til að leysa þetta, sem hefur nú verið gert.

- Ykkur til upplýsinga er í fundargögnum skýrsla um Októberfest sem ég afhendi rektor 18. sept á fundi okkar. Hún verður ekki rædd á þessum fundi vegna þéttar dagskrá en ætti að koma til skila öllum upplýsingum til ykkar. Ef einhver óskar þess er hægt að hafa umræður um Októberfest á októberfundi ráðsins. Endilega látið mig vita eftir fundinn ef það er áhugi fyrir því!
- LÍN herferðarupdate Frumvarpinu seinkar inná þing og því er meiri tími fyrir LÍS til að afla samninga við auglýsingastofur vegna herferðar um þetta mál. Við erum því að kanna hvort þau nái góðum díl annars notum við samstarfssamningana okkar til að útfæra herferðina í samstarfi við auglýsingastofuna. Þegar það er komið betur í ljós mun skrifstofan vinna eftir tillöggunni og nota samstarfssamninga okkar í herferðina. Þegar það er orðið ljóst munum við leita til SHÍ liða um útfærslur á þessu.
- Rektorsfundur 18. sept: Ég fór þar yfir Októberfest, stöðuna hjá okkur um LÍN og herferð því tengt og óskaði eftir eins miklum stuðning þáðan og hægt er. Við ræddum umhverfis- og loftslagsmál og óskaði eftir stuðningi og/eða þátttöku háskólans með einhverjum hætti í því og féllst rektor á að HÍ deili texta til að hvetja alla til að mæta á verkfallið á föstudaginn næsta ásamt því að setja grænar filmur á kastarana hjá HÍ. Ég fór einnig yfir að SHÍ hefur samþykkt að starfræktur verði starfshópur vegna 100 ára afmælis SHÍ og svo að samráðshópur um stúdentaíbúðir verði mögulega stofnaður og hvort skólinn hafi áhuga á því en fulltrúi stúdenta í Háskólaráði og varaforsetinn okkar lagði það til. Hann segir að það verði tekið upp til umræðu í framhaldinu. Auk þess myndum við skoða samstarfsflöt við SA en skólinn er í samstarfi við SA og eru einhverjar hreyfingar að fara í gang vegna þess..
- Málþing 25. sept: Umhverfis- og auðlindafræði er að halda málþing ásamt sendinefnd ESB á Íslandi í Hátíðasal, miðvikudaginn 25. september næstkomandi kl. 13-15. Tilefnið er loftslagsvika ESB sem og Allsherjarverkfall fyrir loftslagið (Global Climate Strike). Ég verð frummælandi þar og þátttakandi í panel.
- Vinna að hefjast við lagabreytingatillögu um svokölluð bókfærð mál, lít og afsögn varafulltrúa eða nefndarmeðlims og að fá inn nýjan fulltrúa - það gæti verið tilkynnt með fundargögnum og skýrt vel og myndi heita “Bókfærð mál” Þá gæti hvaða SHÍ liði sem er óskað eftir því að taka slík mál til umfjöllunar en ef engim myndi gera það myndu þau skoðast samþykkt.

DTA spyr um klappþema. JPP kallar eftir tillögum og EB segir að afmælisbarn gærdagsins

BT eigi að ákveða klappþema. BT ákveður klappþema og telst það samþykkt.

Tilkynning frá IAS:

~~MÓG~~ segir af sér sem oddviti Vöku og úr Stúdentaráði. (Þetta er undir önnur mál)

Dagskrárbreyting á tvennu - afsögn varafulltrúa og nefndarmeðlims:

- Úr nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd segir ~~Dórunn Birta Jóhannesdóttir~~ sig og í stað hennar kemur Elín Huld Melsteð Jóhannesdóttir
- Úr varasæti á Menntavísindasviði segir ~~Magdalena Katrín Sveinsdóttir~~ sig og í stað

hennar kemur Flóki Jakobsson

c. Bæði samþykkt einróma

Einnig gerð dagskrárbreytingartillaga á að undir lið átta bætist við erindi tengt alþjóðanefnd - ekki beinlínis úr stefnumótunarferð en það kom upp á síðasta fundi en tókst ekki að afgreiða sökum þéttrar dagskrár. Þá komst það ekki inná fudnardagskrá fyrir fundarboð þar sem það var ekki fullunnið þá. Þau sem samþykkja að erindi um þýðingar á ábyrgð alþjóðanefndar verði tekin fyrir undir dagskrárlíð 8. Samþykkt einróma.

2. Kynning frá Félagsstofnun stúdenta 17:45-18:30

Guðrún Björnsdóttir framkvæmdastjóri FS kemur á fundinn. Á fundinum er einnig Rebekka Sigurðardóttir upplýsingafulltrúi FS. Guðrún Kynnir ársreikning FS 2018-2019 og mismunandi deildir FS.

Guðrún leggur áherslu á að þrátt fyrir taprekstur á Stúdentagörðum sé félagið rekstrarlega sjálfbært. Vekur athygli á því að viðsnúningur á rekstri viðhaldssjóðs er til kominn vegna mikillar hækkunar fasteignamats síðan 2014-2015. Telur að líkanið nái jafnvægi að nýju þegar fasteignamarkaður róast. Sjá fram að ná að snúa þessu við.

Guðrún kallar eftir spurningum um stúdentagarðana. IAS spyr hversu mikið byggingamagn er áætlað í Skerjafirði. GB segir verkefnið vera á deiliskipulagsstigi. Miðað sé að því að þar verði þriggja herbergja íbúðir fyrir um 270 einstaklinga í 107 einingum. Enn ósamþykkt en verður á því bili.

AE spyr hvort tekið sé tillit til umhverfissvænna kosta í byggingarframkvæmdum þegar framleiðsluefni er valið. GB segir að svigrúmið sé ekki mikið en telur FS vera að reyna sitt allra besta þegar valið er t.d. dúka, málningu og þar fram eftir götunum. Verðramminn sé þröngur. Stór verkefni bjóði ekki upp á mikla tilraunastarfsemi. Innskot frá Rebekku: bendir á að svæðið í kringum Sæmundargötuna sé viðkvæmt svæði með miklum kröfum, þar sé verið að fylgja þeim kröfum. Guðrún bendir á að Skerjafjörðurinn gangi jafnvel enn lengra, þar séu þakgarðar inni í myndinni en kostnað verði að skoða í því samhengi. Rebekka bætir við að lögð sé áhersla á að byggja frekar fyrir fólk en bíla, það sé umhverfissvæn áhersla.

ÚT spyr hversu lengi Stúdentagarðar standa af sér rekstrarástand eins og er núna. GB segir að viðgerðir á Hjónagarði séu að klárast og eftir u.þ.b. 2 ár verði Skógagarðar tilbúnir. Hún telur hins vegar að matsbreytingin geti lækkað enn frekar. Fasteignaverð hafi staðið í stað eða lækkað og fasteignamatíð taki mið af því. Matsbreyting niður á við létti á líkaninu. FS standi vel en stjórnin gæti þurft að taka erfiða ákvörðun eins og hækkun húsaleigu, eitt ár sé tekið í einu. GB bendir á að hækkun um 1000kr í leigu á hverja einingu séu 18 milljónir í tekjur aukalega á ári. Verið sé að fara að taka í gagn stærsta fjölbýlishús landsins og það geti

bætt reksturinn.

IAS spyr varðandi strætósamgöngur í Skerjafirði. Hefur heyrt að þær séu lélegar. Spyr hvort FS muni reyna að hafa samráð við strætó til að bæta það. GB segir að verið sé að horfa á hverfið út frá sjónarmiðum um almenningsamgöngur. Völdu lóð við bílastæðahús og beint fyrir framan strætóstoppistöð, horfðu á alla þessa þætti þegar þau völdu sér lóð og vænta þess að samgöngur geti gengið vel frá nýju húsi í Skerjafirði. Munu halda þessum sjónarmiðum á lofti.

JRJ spyr hvort dýrahald verði leyft í einhverjum stúdentagarði. GB bendir á að þar séu ýmis sjónarmið, varðandi ofnæmi o.s.frv. en þau hafi velt þessu fyrir sér en ekki stigið þetta skref.

Guðrún fer yfir veitingasölu FS. Hún hefur það að markmiði að vera rekin á núlli. Háma skilar tapi á árinu en Stúdentakjallarinn skilar afgangi. Hallinn er rúmar 5 milljónir eða 0,89% af tekjum. Munar um eingreiðslu í kjarasamningum aprílmánaðar.

Guðrún fer næst yfir Bóksöluna. Hallarekstri bóksölnnar síðustu ár snúid við.

SD spyr um vegan mat í Hámu. Finnst skammtastærðin vera lítil. Spyr hvort einhver hafi velt fyrir sér hitaeiningamun. GB talar um að framlegð réttanna sé mismunandi, stundum séu þeir dýrari en kostnaðurinn og aðra dagana mun ódýrari. SD bendir á að skoða mætti próteinmagn í réttunum, GB og Rebekka taka undir það og vilja skoða það. Rebekka bendir á að FS hefur upplifað að vegan hráefni kosti stundum meira en annað og séu ekki jafn aðgengileg og annað hráefni. GB bendir á að eftirspurn eftir vegan réttum hafi verið frammar vonum það sem af er skólaári. Rebekka auglýsir eftir vegan borgurum á viðráðanlegu verði!

IAS spyr hvort ekki mætti auglýsa rafbækur hjá bóksölnni betur en hefur verið. Vissi ekki sjálf af þessum möguleika. GB bendir á að þau hafi auglýst þetta vel þegar þetta byrjaði en ekki mikið nýlega. Þetta sé stærsta rafbókabúð landsins, þakkar fyrir ábendinguna.

ÁJ tekur undir með IAS og spyr hvort stóru titlarnir séu allir til í rafbókasölnni. GB segir ekki allar kennslubækur gefnar út sem rafbækur en sumar bækur séu bara til í rafbók.

AC bendir á að vefsíða bóksölnnar sé óþægileg í notkun. GB og Rebekka taka undir með henni. Hefur verið vesen á síðunni í einhvern tíma. Síðan sé orðin of þung þar sem of mikið efni er á henni og leitarvélir virkar ekki nógu vel.

AC spyr hvort Bóksalan hafi skoðað að vera með skiptibókamarkað á sínum vegum GB segir

Þetta hafa verið reynt af einhverju tagi en á mjög litlum skala. Nýjar útgáfur á bókum valdi vandræðum að þessu leyti. Birgðastaðan sé til vandræða þar sem sumir kennarar taka nýjar útgáfur í notkun án þess að Bóksalan viti af því, þurfi að verða meiri samvinna á milli kennara og Bóksölnunnar um hvaða bækur verði kenndar á árinu.

GB fer yfir ársreikning leikskóla FS. Mánagarður hafi verið stækkaður um 60 pláss í fyrra. Hagnaður var af rekstri skólanna um 4 milljónir. 1. febrúar var vinnuvikan stytt í leikskólunum og mikið af góðu fólki starfi þar.

IAS spyr um hjólastólaaðgengi að Stúdentakjallaranum, nánar tiltekið stóru hurðina framan á. Rebekka segir einmitt hafa komið inn erindi á hennar borð frá Jessý Rún fyrir í vikunni og Rebekka sé byrjuð að skoða þetta. Hún upplýsir á fundinum að hnappar séu möguleiki en færi í gegnum rekstur fasteigna hjá Háskólanum. Rebekka ætlar að tala um þetta við Háskólann.

VÓ spyr um kynjahlutföll í leikskólunum. Hvort FS hafi gert eitthvað til að fjölga körlum sem vinna á leikskólunum. GB segir það ekki hafa verið gert sérstaklega.

LG bendir á að þó svo að notendur hjólastóla komist ekki niður stigann að stóru hurðinni séu ýmsir sem geta ekki opnað stóru hurðina þar sem hún er þung. Enn fremur spyr hún hvort FS hafi einhverja áætlun um að minnka plast. Rebekka fagnar þessari spurningu og mætti með hnífapör sem eru úr endurnýtanlegra efni en plast. Bætir svo við um pappann að hann sé snúinn í notkun því ekki allur pappír er eins og hann er mis umhverfsvænn. Færðu plasthnífapörin inn í hámu í sumar. Síðan þá hefur stálhnífapörum fækkað mjög mikið í hámu. Rebekka vill prófa nýju umhverfsvænni hnífapör og kallar eftir átaki um notkun þeirra þegar þar að kemur. Bendir svo á að það sé vandkvæðum bundið að skipta út umbúðum utan um samlokurnar.

AC spyr út í takeaway umbúðirnar af salatbarnum, hvort það sé plast og hvernig ætti að flokka þær.

JPP þakkar fyrir góða kynningu og umræður.

18:40: JRJ vikur af fundi og SD tekur við sem varafultrúi hennar.

3. Hlé 18:30-18:40

Hlé gert á fundi 18:36

Hléi slitið kl 18:42

4. Geðheilbrigðismál stúdenta 18:40-19:20
 - a. Jóhanna Bernharðsdóttir kynnir niðurstöður á tíðni, streitu, kvíða og þunglyndis meðal stúdenta við HÍ.

DTA spyr hvort könnunin taki til erlendra nema, svo er ekki.

JPP spyr hvort það sé fylgni á milli streitu, kvíða og þunglyndis annars vegar og tilvistar heilsugæsla á háskólasvæði hins vegar. Hvort rannsóknir séu til um það. Jóhanna telur þetta afbragðs spurning en þetta sé ekki búið að greina.

KLK spyr hvort þetta hafi verið greint eftir námsgreinum. Jóhanna svarar því til að það hafi ekki verið gert hingað til.

DTA spyr hvernig streita er skilgreind.

IAS spyr um hvernig kvarðarnir virka.

JPP spyr út í marktækni eftir töku námslána

IAS spyr hvers vegna Jóhanna telur kvíða og þunglyndin marktækt aukast vegna námslána.

KLK bendir á að kröfur aukist við töku námslána sem geti stuðlað að þessum þáttum

AC spyr hvort þetta hafi verið rannsakað. Jóhanna bendir á að þessi munur sjáist ekki þegar vinna með námi er skoðuð.

JPP bókar:

Ég þakka Jóhönnu og rannsóknarfélögum hennar fyrir sína rannsókn og framtak í þágu geðheilbrigðismála stúdenta. Marktækur munur á geðheilsu stúdenta og annarra landsmanna skv. frumniðurstöðum veldur mér áhyggjum og ég heiti því að beita mér áfram af krafti vegna geðheilbrigðismálum stúdenta. Ég upplýsi SHÍ um að ég er með þetta til umræðu í starfshóp HÍ um geðheilbrigðismálefni þar sem ég á sæti.

5. Sjálfboðaliðaverkefni - Guðjón 19:20-19:35

GBG kynnir áætlun um að gera sjálfboða- og samfélagsverkefnum stúdenta hærra undir höfði.

DTA spyr hvort þátttaka í sjálfböðastarfi eigi að vera skylda til að geta útskrifast, svoleiðis sé það í sumum háskólum. GBG segir að þetta snúi aðallega að því að gera sjálfböðastörf samhliða námi að normi, frekar en skyldu, til að byrja með.

IAS spyr um kynningarfundir á vegum félaga sem halda utan um sjálfböða- og samfélagsverkefni stúdenta. GBG hafði hugsað sér að þar gætu verkefnin kynnt sig og sína sögu og myndað vettvang fyrir fleiri þátttakendum í slíku starfi. IAS bætir við hvort einhvern samstarfsvettvang fyrir þessi verkefni mætti stofna. JPP bendir á að þessi félög séu með í nemendafélagshópum á vegum SHÍ ásamt námsgreinafélögum, þegar fram líða stundir og þetta verður sjálfstæðara kann að vera rétt að hafa sér hóp um svona verkefni.

KLK talar um áfanga á menntavísindasviði um sjálfböðaliðastarf. Hvetur GBG til að kynna sér þennan áfanga og hvernig hann gengur þegar hann fer af stað í fyrsta skipti í vor.

ÁJ hvetur til þess að örhraðall haldi áfram og er ánægður með að samfélagsdrifin nýsköpun fái vettvang til að vaxa og dafna.

GBG spyr hvað ætti að kalla þessi verkefni.

AE vill tala frekar um samfélagsverkefni en sjálfböðaliðaverkefni.

LG tekur undir með AE og talar um að ýta þurfi undir þá ímynd í þessu að tala um virka þátttöku.

SD talar um mikilvægi þess að hafa ekki orðið “vinna” í nafninu.

RP tekur undir með SD og bætir við að sjálfböðaliðaframsetningin geti vakið athygli á því neikvæða en með því að leggja áherslu á samfélagshluta starfsins sé jákvæði hlutinn settur í sviðsljósið.

GBG hvetur að lokum alla viðstadda til að ræða málið við sig á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs

6. Tillaga frá Menntavísindasviði vegna áskorun jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands
19:35-19:50



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundur Stúdentaráðs 25. september 2019

Flutningsaðili: Sviðsráð Menntavísindasviðs

-Tillaga-

Sviðsráð Menntavísindasviðs leggur til að SHÍ lýsi yfir stuðningi við bréfi jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands um að kynjafræði verði skyldufag í kennaranámi. Við viljum að Jafnréttisnefnd SHÍ og Sviðsráð MVS sjái um að skrifa stuðningsyfirlýsingu þar sem Stúdentaráð hvetur stjórnýslu Háskóla Íslands og Stjórn Menntavísindasviðs til að taka mark á bréfi nefndarinnar og leiti leiða til að tryggja verðandi og núverandi kennurum kynja- og jafnréttisfræðikennslu.

-Rökstuðningur-

Sviðsráð Menntavísindasviðs tekur heilshugar undir bréf jafnréttisnefndar KÍ til stjórnenda háskólanna um kynjafræði- og jafnréttiskennslu í kennaranámi. Fræðslu um kynjafræði, eineltismál, geðheilbrigðismál, hinseginmál, fötlunarfórdóma og margt fleira má bæta til muna á Menntavísindasviði og hafa nemendur á öllum námsleiðum sviðsins þegar kallað eftir aukinni áherslu á kynja- og jafnréttisfræðikennslu. Á Menntavísindasviði eru menntaðar margar ólíkar starfsstéttir sem eiga það þó allar sameiginlegt að vera mjög mikilvægar fyrir íslenskt samfélag og okkar framtíðar kynslóðir. Til þess að geta stuðlað að markvissri jafnréttismenntun og tryggja að jafnréttissjónarmið verði eðlilegur hluti af öllu skólastarfi þurfa nemendur á sviðinu að fá kennslu í þeim fræðum.

Birtingarmyndir kynjamisréttis, kynbundinnar mismununar, kynferðislegs áreitis, kynbundins ofbeldis verða að vera núverandi og framtíðar kennurum augljósar sem og staðalímynda, fordómar í samfélagi, bókmenntum og dægurmiðlum. Þess vegna tekur

Sviðsráð Menntavísindasviðs undir bréf jafnréttisnefndar KÍ en við ítrekum samt að sú kennsla er einnig nauðsynleg fyrir alla nemendur sviðsins.

EB telur tillöguna i takt við það sem SHI hefur talað fyrir. Hrósar sviðsraði MVS.

IAS spyr hvað felist í tillögunni. Hvort þetta sé einungis tillaga um að yfirlýsing verði samín. JPP svarar því til að svo sé og samsvarandi yfirlýsing hafi þegar verið samþykkt hjá LÍS.

Tillagan samþykkt einróma.

7. Niðurstöður stefnumótunarferðar/kynningar frá nefndum 19:50-20:20

- Umhverfis- og samgöngunefnd

Kynning frá VÓ og AE um áherslur umhverfis- og samgöngunefndar.

KLK bendir á að hafa þurfi í huga kolefnisfótspor grænkeramats þegar verið er að stuðla að meira grænkerafæði. AE bendir á að það sé þó yfirleitt minna.

IAS hrósar nefndinni fyrir gott starf. Telur markmiðin “gegguðu”.

AMV spyr hvort gert sé ráð fyrir þeim sem þurfa að nota bíl í umræðum um bílastæðagjöld. JPP svarar því til að nefnd á vegum Háskólans um gjaldtöku á bílastæðum hafi ekki útfært verkefnið nákvæmlega en athugasemdum um þá sem ekki geta notað aðra samgöngumáta en einkabíl verði komið á framfæri, þá sé fulltrúi stúdenta með niðurstöður stefnumótunarferðar á reiðu innan hópsins þar sem engin setti sig á móti gjaldtöku ef samgöngukort kæmi í staði og afslættir væru útfærðir með sanngjörnum hætti og það sé fulltrúi stúdenta að reyna að gera í hópnum.

AC hvetur nefndina til að skoða hvort FS geti komið deilihjólum eða öðrum örsamgöngumátum á stúdentagarðana. JPP svarar að fundur um slík mál sé fyrirhugaður í næstu viku.

AC spyr að auki hvort U-passinn verði ódýrari en núverandi áskrift í strætó sem námsmönnum bjóðast og bætir við að starfsmönnum Landspítalans bjóðist frítt í Strætó, svo það ætti að vera hægt að fá svipað tilboð fyrir nemendur við Háskóla Íslands. JPP segir að samgöngukortið eigi að verða eins ódýrt og hægt er, helst

gjaldfrjálst þó það sé langsótt.

- Fjölskyldunefnd

Sara kynnir nýja stefnu fjölskyldunefndar.

KLK gerir athugasemd við tillögu fjölskyldunefndar um að börn geti skipt tímabundið um leikskóla ef foreldrar flytja aftur í heimabyggð yfir sumartíma til dæmis. Telur það erfitt í framkvæmd. Bendir enn fremur á að það geti valdið börnunum streitu að skipta um umhverfi snögglega í stuttan tíma.

IAS spyr hversu hátt frítekjumark þyrfti til að það yrði ásættanlegt fyrir foreldra. Sara svarar að það hafi ekki verið reiknað sérstaklega hingað til.

LG spyr hvort íþróttaskóli stúdentaráðs verði haldinn aftur. JPP svarar að svo verði.

RP vísar af fundi 20:08 SD kemur inn sem varamaður

IAS spyr hvort hægt væri að útfæra eitthvað svipað og Vísindasmiðjur fyrir börn stúdenta í Háskólanum.

Ný stefna fjölskyldunefndar einróma samþykkt.

8. Tillaga DTA um þýðingar á gögnum SHÍ

-- T I L L A G A --

um þýðingar á gögnum SHÍ

Hér með er lagt til að SHÍ álykti á þann veg að ráðinu og stjórn SHÍ verði gert skylt að þýða öll opinber gögn sín, þ.m.t. fundargerðir, tilkynningar, auglýsingar o.s.frv. á ensku.

Flutningsaðilar: Derek T. Allen, stúdentaráðsliði Vöku

Margrét Ósk Gunnarsdóttir, oddviti Vöku

Unnið í samstarfi með: Kolfinnu Tómasdóttur, alþjóðafulltrúa SHÍ

Helgu Lind Mar, framkvæmdastýru SHÍ

Skýring

Hagsmunastörf SHÍ skulu unnin í þágu allra nemenda HÍ, einnig þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Augljóst er að erfiðara er að kynna sér störf og tilgang SHÍ eða koma sér inn í mál líðandi stundar ef ekki er aðgengilegur texti á máli sem að flestir einstaklingar skilja. Það er algeng kvörtun hjá erlendum nemum að þeim finnst háskólasamfélagið útilokandi gagnvart þeim. Þýðing á gögnum Stúdentaráðsins væri jákvætt skref í átt að því að takast á við þetta vandamál.

Í Háskólanum eru um 1500 nemendur af erlendum uppruna en það eru rúmlega 10% nemenda. Margir þessara nemenda tala enga íslensku og er þar með erfiðara fyrir þá að nýta sér þjónustu Stúdentaráðsins. Jafnframt eru margir þessara erlendra nemenda að læra íslensku í námsgrein að nafni „Íslenska sem annað mál“, vinsælasta námsgrein Háskóla Íslands. Hér glatast tækifæri til að mynda tengsl við þessa nemenda þegar sleppt er að þýða efni okkar yfir á ensku.

SHÍ hefur það að opinberri stefnu í alþjóðamálum frá 22. október 2018 að þýða allt efni þess yfir á ensku en ljóst er að ekki er föst regla á þessum málum, en t.a.m. eru fundargerðir ekki þýddar á ensku. Nú þykir okkur löngu tímabært að koma á fastri reglu um að allt efni skuli þýtt á ensku.

Í samstarfi við Kolfinnu, alþjóðafulltrúa SHÍ og Helgu Lind, framkvæmdastýru, komumst við að samkomulagi um að best væri að einn aðili skyldi bera ábyrgð á því að fundargerðir SHÍ verði þýddar. Aðilar innan alþjóðanefndarinnar hafa sýnt því áhuga að sjá um þýðingar og tökum við þeim tíðindum fagnandi. Við vorum sammála því að þeir aðilar skyldu bera ábyrgð á þýðingum á fundargerðum SHÍ. Aðilar innan stjórnar Stúdentaráðs skulu þýða tilkynningar og auglýsingar sem birtar eru opinberlega, á ensku.

Meðfram þessari tillögu eru lagabreytingatillögur sem koma á skyldu um þýðingar á ensku í lög SHÍ.

Fyrirhugaðar lagabreytingatillögur

2. gr. laga Stúdentaráðs → Viðbótartillaga

b. Stúdentaráð, nefndir þess og aðrar einingar skulu þýða öll sín gögn, tilkynningar, auglýsingar og fleira á ensku.

24. gr. → Viðbót, liður B

b. Alþjóðafulltrúi hefur umsjón og eftirlit með þýðingum á gögnum stúdentaráðs, sbr. 2. gr. b. þessara laga.

c. Ensk útgáfa gagna skal birt samhliða íslenskri útgáfu eða eigi síðar en 48 klukkustundum eftir birtingu íslenskrar útgáfu.

25. gr. → Viðbót, ný grein

a. Einstaklingur innan Alþjóðanefndar, fulltrúi í Stúdentaráði eða sjálfboðaliði skal hafa hlutverk þýðanda fyrir SHÍ. Sá einstaklingur skal hafa góða eða framúrskarandi hæfni í ensku og geta unnið sjálfstætt að þýðingum.

b. Alþjóðanefnd skal fyrir hvert ár lýsa eftir sjálfboðaliða sem skal þýða gögn fyrir SHÍ.

ENGLISH

-- M O T I O N --

to translate all Student Council documents

It is here proposed that the Student Council of the University of Iceland (hereafter abbreviated as SCUI) translate all official documents, including meeting minutes, announcements, advertisements, etc., into English.

Motioners: Derek T. Allen, SCUI representative (Vaka)

Margrét Ósk Gunnarsdóttir, Council Chairperson (Vaka)

Collaborators: Kolfinna Tómasdóttir, International Representative of SCUI

Helga Lind Mar, Commissioner of SCUI

Justification

SCUI shall work in the best interests of all University of Iceland students, including those that do not have Icelandic as their mother language. Foreign students face obvious barriers when attempting to acquaint themselves with SCUI or take part in its projects due to the lack of information in a language that they can understand. A common complaint of international students is that the University of Iceland excludes them. To translate SCUI documents would be a step forward when it comes to tackling this issue.

The University of Iceland boasts roughly 1500 foreign students, a little more than 10% of the student body. Many of these students speak no Icelandic, making it harder for them to benefit from the services that the SCUI provides. Furthermore, many of these students are studying in the program Icelandic as a Second Language, the single most popular program in the university. Only having SCUI documents in Icelandic misses the opportunity to build a connection with foreign students as well as enhance their learning.

SCUI's 2018 official policy regarding international issues states a goal of translating all SCUI documents in English, but it is clear that this goal is not being pursued by the lack of translations of meeting minutes as an example. We believe that a law requiring the translation of SCUI documents is long overdue.

In a collaborative effort with Kolfinna, the International Representative of SCUI, and Helga Lind, the Commissioner of SCUI, an agreement was come to that it would be best if only one individual bore the responsibility of translating SCUI meeting minutes. Members of the International Committee of SCUI have shown interest in overseeing translations. As a result, we agreed that the parties in question would be responsible for translations of SCUI meeting minutes, as well as other documents. We also encourage the Student Council Cabinet to translate all public documents into English.

Alongside this motion are amendment proposals to the SCUI body of laws that relate to English translations.

Amendment proposals:

Article 2 → Addition

b. The Student Council, its committees, and other units under its auspices shall translate all of its documents, announcements, advertisements, and more into English.

Article 24 → Addition to Clause B

b. The International Representative has oversight over translations of Student Council documents, cf. Art. 2 Clause B of these laws.

c. An English translation shall be published no later than 48 hours after its Icelandic counterpart.

Article 25 → Addition, new article

a. An individual within the International Committee, a Student Council representative, or volunteer shall hold the role of the Student Council Translator. This individual shall have a good or excellent command of English and be able to work independently.

b. The International Committee shall advertise in search for Student Council translators each year. These translators would, on a volunteer basis, translate Student Council documents.

DTA fer yfir tillöguna. Gerir tillögu um að skjóta lagabreytingartillögum til lagabreytinganefndar til að þýðingar á gögnum SHÍ yfir á ensku verði að veruleika.

ÁJ spyr hvort SHÍ eigi einhverskonar tækniorðasafn til að nota við þýðingar sem þessar. Það sé vandamál sem honum finnst óleyst í þessu máli. BT bætir því við að hann hafi notast við ensku þýðinguna á lögum SHÍ þegar hann talar um nefndir eða þess háttar. JPP bætir því við að þetta sé hluti af því að byggja upp gott þýðingarstarf. Það þurfi að vinna úr því hvernig er hægt að gera þetta á skilvirkan hátt. DTA segir að það besta sem til er sé hugtakasafnið sem Snara sér um og hann noti það.

LG spyr hvort verið sé að tala um að þýða fundargerðir alveg í gegn orðrétt eða hvort það væri tillagan að búa til niðurstöður og samantektir á ensku. DTA segir það ekki hafa verið endanlega ákveðið.

GBG bætir við athugasemdum frá Helgu Lind Mar, sem er fjarverandi vegna veikinda. Hún tekur undir að vísa ætti tillögunum til lagabreytinganefndar, sem þegar er tillagan.

JPP spyr að lokum hvort tillagan snúist ekki örugglega um það hvort beina eigi tilmælum til lagabreytinganefndar um að útfæra þær lagabreytingar sem til þarf til að koma þýðingum á gögnum stúdentaráðs í gegn. DTA segir svo vera.

Tillagan er einróma samþykkt.

9. Önnur mál 20:20-20:30

a. Tilkygning *u.þ.b.* 5 mín

JPP fer yfir tilkygningu um afsögn Margrétar Óskar Gunnarsdóttur úr Stúdentaráði. JPP bókar: Ég þakka MÓG kærlega fyrir samstarfið sem oddvita Vöku, segir það hafa verið ánægjulegt og árangursríkt. Þakka ásamt því kærlega fyrir góð störf í þágu stúdenta.

AMV tekur hennar sæti í Stúdentaráði en Bergþóra Inghórsdóttir taki við sem varafulltrúi AMV, sem var áður varafulltrúi ÚT. Samþykkt einróma.

b. Ingveldur Anna Sigurðardóttir með annað mál

-- T I L L A G A --

Um geðheilbrigðismál

Lagt er til að SHÍ í samráði við Upplýsingatæknisviði Háskóla Íslands að útbúa hnapp á Uglu til þess að panta tíma hjá sálfræðing sem starfar á vegum Háskóla Íslands.

Flutningsaðilar: Ingveldur Anna Sigurðardóttir

Skýring

Mikið hefur gerst í geðheilbrigðismálum innan Háskólans. Með tilkomu hnappsins er stúdentum auðveldað að panta sér tíma hjá sálfræðingum skólans og verður þjónustan sýnilegri og aðgengilegri um leið.

Erfitt getur verið að stíga fyrsta skrefið og leita sér hjálpar. Þetta gerir stúdentum auðveldara fyrir með að stíga þetta mikilvæga skref. Með auknu aðgengi að þjónustunni er líklegt að fleiri nemendur nýti sér hana. Eins og fram hefur komið í umræðunni þá má ýmislegt gera til þess að bæta geðheilsu háskólanema og gæti þetta verið eitt þeirra skrefa.

IAS kynnir tillöguna. Hún hafi sjálf átt í erfiðleikum með að leita sér andlegrar aðstoðar og fannst þetta einföld lausn. Geti unnið vel saman með hnappnum á Uglu til að tilkynna ofbeldi og áreitni.

EB leggur fram breytingartillögu. Tekur það fram að hún er mjög ánægð með tillöguna en vildi breyta orðalagi og bæta við atriðum er varða aðra þjónustu en eingöngu sálfræðinga Háskólans sjálfs þar sem úrræðin eru fleiri. Breytingartillaga EB hljóðar svo: “Lagt er til að SHÍ í samráði við Upplýsingatæknisviði Háskóla Íslands að útbúa hnapp á Uglu ~~til þess að panta tíma hjá sálfræðing sem starfar á vegum Háskóla Íslands.~~ sem gerir nemendum kleift að sækja sér þá sálfræðiþjónustu sem er á vegum skólans. Þá er um að ræða einstaklingsviðtöl hjá sálfræðingum skólans, meistaraneimum í sálfræði, HAM-hópmeðferð og hópmeðferð hjá Sálrækt.”

Gengið er til atkvæða um breytingartillögu EB. Hún er samþykkt, IAS situr hjá.

Þá er gengið til atkvæða um tillöguna í heild sinni. Tillagan er einróma samþykkt.

c. Sigurður Vopni með annað mál



Stúdentaráð Háskóla Íslands

-Tillaga-

Við undirrituð leggjum til að Stúdentaráð taki þátt í því að beita þrýsting á stjórnslu Háskólans Íslands og styðja þannig við núverandi og verðandi nemendur með þroskahömlun í baráttu þeirra um fjölbreyttara námsframboð. Á grundvelli mannréttinda á fólk með þroskahömlun rétt á aðgengi að námi á öllum skólastigum. Námsframboðið þarf að vera fjölbreyttara þar sem áhugasvið fatlaðs fólks er jafn breitt og áhugasvið ófatlaðs fólks. Okkur finnst að Háskóli Íslands eigi að nota hugmyndafræðina um inngildingu (e. inclusion) í fleiri námsleiðir og auka þannig margbreytileika nemendahópsins í takt við Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands.

-Rökstuðningur-

Meginmarkmið starfstengds diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun er að undirbúa nemendur til afmarkaðra starfa sem falla undir fræðasvið menntavísinda þ.e.a.s. störf á leikskólum, frístundaheimilum og á vettvangi fatlaðs fólks. Einnig á að gera nemendum kleift að öðlast hagnýta þekkingu, leikni og hæfni í námsumhverfi án aðgreiningar í því skyni að efla félagslega færni þeirra og auka möguleika þeirra á þátttöku í samfélaginu. Áhugasvið fólks með þroskahömlun er samt sem áður jafn breitt og áhugasvið ófatlaðs fólks. Fólk með þroskahömlun vill líka læra sögu, íslensku, náttúrufræði, táknafræði og margt fleira rétt eins og ófatlað fólk. Aðgengi að námi er samfélagsréttur allra og finnst okkur það byggja á fordómum og mismunun að fólk með þroskahömlun fái ekki velja sér nám eftir sínu áhugaviði.

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem var fullgildur árið 2016 á Íslandi stendur að tryggja eigi fötluðu fólki möguleikann á því að hefja almennt

nám á háskólastigi til jafns við aðra. Yfir 70% nemenda í Diplómanámi hafa fengið vinnu eftir útskrift við eitthvað sem tengdist náminu þeirra. Það er mun hærra hlutfall en gengur og gerist í atvinnuþátttöku fólks með þroskahömlun. Svo samfélagslegur ávinningur er mikill og rökstyður enn frekar mikilvægi þess að fólk með þroskahömlun fái tækifæri til menntunar.

Háskóli Íslands getur stuðlað að jafnrétti og möguleikum fatlaðs fólks til fullgildrar þátttöku í samfélaginu með því að auka aðgengi á námsframboði fyrir fólk með þroskahömlun. Því finnst okkur mikilvægt að benda á þennan mismun og að Stúdentaráð taki þátt í því að þrýsta á aðgerðir í málefnum fatlaðs fólks.

Andrea Ósk, forseti jafnréttisnefndar SHÍ.

Sigurður Vopni, forseti Sviðsráðs Menntavísindasviðs.

AÓŠ kynnir tillöguna.

KLK spyr hvort inngilding sé orð sem er almennt notað. KLK bendir á að nám án aðgreiningar sé samþykkt stefna í íslensku menntakerfi. Bæta mætti við klausum um nám án aðgreiningar í tillögunni. SVV svarar að inngildin sé nýtt orð sem verið sé að reyna að koma í umræðuna þar sem skort hefur á þýðingu á enska orðinu inclusion.

KLK leggur fram breytingartillögu um að bæta við “og nám án aðgreiningar” á eftir orðinu inngilding. Breytingartillagan er einróma samþykkt.

Tillagan í heild sinni er einróma samþykkt.

Fundi slitið kl 20:29

***ATH tímasetningar við hvern fundarlið eru til viðmiðunar.**